



586. fundur stjórnar SASS

Fjarfundur

2. september 2022, kl. 12:30 – 14:05

Pátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Einar Freyr Elínarson, Njáll Ragnarsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir og Árni Eiríksson. Brynhildur Jónsdóttir, Grétar Ingi Erlendsson og Arnar Freyr Ólafsson boðuðu forföll og í þeirra stað koma Bragi Bjarnason, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir og Ellý Tómasdóttir. Þá taka þátt Sólmundur Sigurðarson undir dagskrárlíð 2 og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð

Fundargerð 585. fundar staðfest. Verður undirrituð síðar.

2. Ungmennaráð Suðurlands

Sólmundur Sigurðarson, Bláskógabyggð, formaður Ungmennaráðs Suðurlands kynnir starf ráðsins og hvað framundan er. Stjórn ráðsins skipa auk hans Haukur Castaldo Jóhannesson, Ölfusi, varaformaður og Elín Karlsdóttir, Árborg, ritari. Sólmundur hvetur þau sveitarfélög sem ekki hafa skipað ungmennaráð að gera það en á heimsíðu SASS er að finna nánari upplýsingar um skipan og starf ráðanna, sbr. [hér](#). Hann áréttar mikilvægi þess að hlustað sé á rödd ungs fólks, hafa þau með í ráðum s.s. varðandi menntamál, fyrirkomulag við rekstur heimavistar og fela þeim verkefni við hæfi. Jafningjafræðsluverkefnið á Suðurlandi gekk mjög vel og það undirbýr ungt fólk vel í lífsleikni fyrir framtíðina. Ráðið gerði myndband þar sem fjallað er um sýn ungs fólks á samfélagið og hvað mætti bæta til að gera Suðurland að áhugaverðari búsetukosti s.s. með auknu námsframboði, sbr. [hér](#). Stjórn hvetur sveitarfélögin til að skipa í ungmennaráð og halda áfram með jafningjafræðslu.

3. Ársþing SASS 2022

Formaður kynnir uppfærð drög að dagskrá ársþings samtakanna 2022. Farið yfir hugmyndir um skipulag nefndarstarfs og skipan formanna en beðið er eftir skipan fulltrúa sveitarfélaganna í nefndir.

Yfirskrift ársþingsins er: *Hver er stefna SASS til 2026?* Fyrir ársþingið er gert ráð fyrir að nefndir fjalli um málefni sem snúa að einstaka nefndum samkvæmt samþykktum samtakanna. Nánari undirbúningur og umfjöllun á vinnufundi stjórnar.

Stjórn skipar eftirtalda sem formenn nefnda: allsherjarnefnd Árni Eiríksson, mennta- og menningarnefnd Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, umhverfis- og skipulagsnefnd Margrét Harpa



Guðsteinsdóttir, velferðarnefnd Brynhildur Jónsdóttir, atvinnumálanefnd Arnar Freyr Ólafsson, samgöngunefnd Njáll Ragnarsson og fjárhagsnefnd Einar Freyr Elínarson.

4. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerð 542. fundar stjórnar SSH, fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, fundargerð 81. fundar stjórnar SSNV, fundargerð 39. fundar stjórnar SSNE, fundargerð ársfundar fulltrúaráðs Vestfjarðastofu, fundargerð aukaaðalfundar SSV 2022 og fundargerð 902. fundar stjórnar sambandsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni og hvað framundan sé.

c. Skipan fulltrúa í verkefnisstjórn Orkídeu

Varaformaður kynnir að skipa þurfi varamann í stjórn og verkefnastjórn Orkídeu. Stjórn samþykkir að Margrét Harpa Guðsteinsdóttir verði varamaður í stjórn Orkídeu og Árni Eiríksson verði varamaður í verkefnastjórn Orkídeu.

d. Heimavist við FSu

Einar Freyr og Jóhanna Ýr kynna málið en í lok nýhafins skólaárs rennur út samningur FSu við leigusala um rekstur heimavistar við skólann. Stjórn SASS samþykkir að skipað verði í starfshóp um heimavist við Fjölbrotaskóla Suðurlands (FSu). Lagt er til að hópinn skipi tveir fulltrúar frá sveitarfélögunum í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, einn fulltrúi frá skólanefnd FSu, einn fulltrúi frá sveitarfélaginu Árborg og einn fulltrúi frá Ungmennaráði Suðurlands. Hópnum er falið að kortleggja mögulegar leiðir, til lengri og skemmri tíma, til þess að tryggja heimavist við skólann.

Framkvæmdastjóra falið að leita tilnefninga í hópinn sem skal í framhaldinu taka til starfa svo fljótt sem auðið er.

e. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands

Formaður kynnir að hugmyndir að áhersluverkefnum SASS hafa borist með ýmsum hætti s.s. frá hagaðilum í landshlutanum í pósti eða gegnum heimasíðuna, á ársþingi samtakanna, ráðgjöfum hjá samstarfsaðilum eða verið ræddar í stjórn. Tillögufrestur til að skila hugmyndum að áhersluverkefnum er til 16. nóvember nk.

f. Vinnufundur stjórnar

Formaður kynnir drög að dagskrá vinnufundar stjórnar sem haldinn verður á Landhótelu 15. – 16. september nk.

g. Kynning innviðaráðuneytisins á stefnu og aðgerðaráætlana á sviði sveitarfélaga, samgangna, skipulags og húsnæðismála.

Innviðaráðuneytið hefur hafist handa við undirbúning að endurskoðun stefnu og aðgerðaráætlana á sviði sveitarfélaga, samgangna, skipulags og húsnæðismála.

Í framhaldi af svokallaðri Grænbókarvinnu stendur til að kynna lykilviðfangsefni málaflokkanna og leita eftir sjónarmiðum íbúa og sveitarstjórna á landinu öllu í fundarröð



undir yfirskriftinni *Vörðum leiðina saman* í byrjun október. Fulltrúar ráðuneytisins munu fljótlega koma með tillögu að uppfærðri fundarröð.

h. Auglýst eftir umsóknum í Framkvæmdarsjóð ferðamannastaða

Formaður kynnir að Ferðamálastofa hafi auglýst eftir umsóknum um styrki úr Framkvæmdarsjóði ferðamannastaða en umsóknarfrestur er til 5. október kl. 13:00, sbr. [hér](#) á heimsíðu SASS.

i. Málefni fatlaðs fólks

Formaður kynnir að á 10. fundi byggðarráðs Skagafjarðar, 24. ágúst 2022, bókaði ráðið um málefni fatlaðs fólks, sbr. [hér](#). Stjórn SASS tekur undir bókun byggðarráðsins.

Næsti fundur stjórnar verður vinnufundur haldinn 15. – 16. september nk. kl. 13:30.

Fundi slitið kl. 14:05

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

Einar Freyr Elínarson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Árni Eiríksson

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Njáll Ragnarsson

Bragi Bjarnason

Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir

Ellý Tómasdóttir